



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalistasflokks Íslands mánudaginn 25. febrúar 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:10 - 20:45.

Mætt voru: Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Rán Reynisdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Viggó K. Jóhannsson og Reinhold Richter. Katrín Baldursdóttir, Hjalti Hrafn Hafþórsson, Laufey Ólafsdóttir og Jóhann Helgi Heiðdal voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerðir síðustu funda

Fleiri hafa verið samþykktar en einhverjar eru enn óafgreiddar.

2. Mótmæli

Því var kastað fram að flokkurinn ætti e.t.v. að eiga mótmælabúnað s.s. súpugræjur, svið og hljóðkerfi.

Talað um að staðsetning sviðsins við stytta Jóns Sigurðssonar á Hungargöngunni á laugardaginn hefði verið góð en það þurfi þó ekki alltaf að vera á sama stað.

Ábending barst um að hljóðkerfið á laugardaginn hafi ekki verið nógu kraftmikið.

Fundarmenn voru sammála um að gaman hefði verið að taka þátt í mótmælunum og að það þurfi að ákveða verklag við að taka á móti þeim sem koma að máli við okkur á mótmælum og bjóða fram krafta sína.

Samþykkt var hugmynd um að halda mótmæli til að sýna samstöðu með kvennastéttum í fyrsta verkfallinu 8. mars og hvetja fólk til að skrópa í vinnunni til að mæta.

3. Sósíalistakaffi 27. febrúar og súpueldhús 6. mars

Boð með dagskrá þessara viðburða verða send flokksmönnum.

4. Maístjarnan, stofnun og stuðningur við félög hinna verr settu

Gunnar Smári lagði til að Maístjarnan leigi sal Dósaverksmiðjunnar einu sinni í mánuði fyrir fundi Leigjendasamtakanna. Rán tók að sér að koma þessum fundum á.

Sanna talaði um vinnu sína við að undirbúa stofnun félags strætófarþega, m.a. stofnun Facebook-hóps. Talað um að senda fjöldapóst á flokksmenn til að finna áhugasama strætófarþega.

Spjallað um hugmyndir að hagsmuna- og baráttusamtökum, hverra flokkurinn gæti komið að stofnun, sem Gunnar Smári setti fram í Facebook-hópi framkvæmdastjórnar.

Laufey fékk leyfi til að kaupa búst á Facebook fyrir fund Félags leigjenda hjá félagsbústöðum.

5. Sósíalistaþing; staðsetning, dagskrá

Sigrún sagði frá leit sinni að þingstað. Bíó Paradís er ódýrara en Iðnó en spurning hvort stemningin í bíósal verði nógu afslöppuð til að hvetja til opinna umræðna. Verður skoðað betur.

Talað um að allar stjórnir og flestir hópar verði virkjaðir til þátttöku í dagskránni.

6. Fjárhagur

Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu á reikningum. Flokkurinn: 438.711 kr., Maístjarnan: 1.709.186 kr.

Gunnar Smári lagði til að nýr reikningur verði stofnaður til að halda utan um fjármál mótmæla.

7. Önnur mál

Rætt var um dagskrána 1. maí. Samþykkt að halda okkur við Tjarnarbíó sem fundarstað.

Fundi slitið.